



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000

# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 13. MARS 2024 // 11. TBL. // 45. ÁRG.



Séð yfir byggðina í Grindavík og til hafnarsvæðisins. VF/Hilmar Bragi

## Grindvíkingar búi sig undir langhlaup

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir að framundan sé langhlaup í Grindavík þegar kemur að endurteknum kvikuinnskotum og eldgosum á Sundhnúka-gígaröðinni. Gera verði ráð fyrir að ástandið sem nú ríkir verði viðvarandi í einhver ár til viðbótar.

Lítið pláss er orðið eftir í jarðskorpunni og því komi meira upp af hrauni eins og hafi sýnt sig í þeim eldgosum sem orðið hafi á Sundhnúka-gígaröðinni síðustu vikur. Nánar á síðu 4.

## Gervigrasvöllur verði í Sandgerði

S-listinn í Suðurnesjabæ leggur til við bæjarstjórn að staðsetning gervigrasvallar verði á aðalvellinginum í Sandgerði.

„Allir nauðsynlegir innviðir eru til staðar á aðalvellinginum í Sandgerði eins og til dæmis 340 manna stúka, salernisaðstaða fyrir áhorfendur, vélageymsla og plássgott félagsheimili.

Auk þess leggur S-listinn til að starfshópur um uppbyggingu íþróttamannvirkja verði skipaður hið fyrsta, geri þarfar greiningu og skili af sér tillögum um uppbyggingu til næstu ára.

Starfshópurinn hafi það að leiðarljósi að jafnræðis skuli gætt milli byggðakjarna sveitarfélagsins þegar kemur að frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja,“ segir í tillögu S-listans. Samþykkt var samhljóða að vísa tillögu S-lista til umfjöllunar í bæjarráði enda er málið enn í vinnslu þar.

Atvinnurekendur í Grindavík segja mörg mál stopp hjá stjórnvöldum varðandi starfsemi í bæjarfélaginu:

# Ósáttir við stjórnvöld

„Atvinnurekendur í Grindavík eru mjög óánægðir og finnst mörgum atriðum sem snúa að því að við getum verið með starfsemi í bæjarfélaginu, ósvarað eða þau óafgreidd. Það er mikilvægt að stjórnvöld klári endurskipulagningu og kynni aðgerðir sem komi til móts við fyrirtækin,“ segir Pétur Pálsson, framkvæmda-

stjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis hf. í Grindavík.

Eitt af þeim atriðum sem eru óafgreidd er tryggingavernd á því sem framleitt er í Grindavík. Dagsframleiðsla getur verið nokkurra tuga milljóna virði. Pétur segir að aðgangsstýring um verðmætabjörgun sé vel raunhæf. Þannig væri hægt að bjarga verðmætum á

tveimur til fimm klukkustundum þegar til goss kæmi. Ljóst sé að læra þurfi að lifa með jarðhræringum og eldgosum og það sé vel hægt.

Forstjóri Síldarvinnslunnar hf., en Vísir hf. er í eigu SVN, sagði á fundi fyrir helgi að verið væri að fara yfir hvort raunhæft sé að vera með starfsemi af einhverju

tagi í Grindavík næstu misseri og nefndi fyrrgreind atriði eins og tryggingavernd, áskoranir í öryggi starfsfólks og aðgerðir stjórnvalda til fyrirtækja.

Á miðvikudaginn 13. mars stóð til að fagna þúsundasta tonninu sem hefur verið unnið í nýrri saltfiskvinnslu Vísis hf. í Helgúvík. Nánar um það á vf.is.

Ingibjörg Þórdísar- og Ólafsdóttir:

Lét handarmissi ekki stöðva sig og nýtur lífsins á golfvellinginum

- sjá miðopnu

nettó

14.-17. mars



Grisaskankar  
499 kr/kg

1109 kr/kg



Grisabógsneiðar  
999 kr/kg

1537 kr/kg



Mexíkókjúklingaleggir  
1.139 kr/kg

1899 kr/kg

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



# VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á **timarit.is**



## Ný rafstöð 100 KVA

5,9 l. Cummins Turbo Diesel

Stgr. 2.480.000 kr. + vsk.

Upplýsingar í sínum  
892 3590 og 69 69 468

Allt hreint

Umhverfisvottuð ráðgjafarþjónusta

## HREINSUM RIMLAGARDÍNUR OG MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

**16** FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



## Stækka virkjun HS Orku í Svartsengi

HD ehf. og HS Orka hafa undirritað samninga um uppsetningu vélbúnaðar vegna stækkunar virkjunar HS Orku í Svartsengi ásamt rammasamningi um verktakaþjónustu.

Þann 8. mars voru undirritaðir samningar milli HD ehf. og HS Orku sem fela í sér efnisúttegund, smíði og uppsetningu á hverfil-samstæðu vegna stækkunar virkjunar HS Orku í Svartsengi ásamt rammasamningi um verktakaþjónustu.

Verkið felur í sér efnisúttegund og smíði palla, stiga, pípuundirstöðu og pípukerfa í stöðvarhúsi ásamt dælustöð við kæliturn, smíði og uppsetningu á dropaskilju, uppsetningu og samsetningu eimsvala,

gassogskerfa, kæliturns og hverfil-samstæðu í Orkuveri 7.

Orkuverið í Svartsengi er lykilmálið í samfélaginu á Suðurnesjum og stækkun þess gríðarlega mikilvæg orkuöryggi þjóðarinnar, segir í tilkynningu frá HD ehf.

„Samningurinn um uppsetningu vélbúnaðar er stærsti einstaki samningur sem gerður hefur verið í sögu félagsins og erum við í HD ehf. gríðarlega stolt af því að HS Orka hafi leitað til okkar og óskað eftir okkar aðkomu að þessu verkefni,“ segir Þorvaldur Tolli Ásgeirsson, sölu- og markaðsstjóri HD ehf.

Gert er ráð fyrir að vinna hefjist sem allra fyrst og áætluð afhending verksins er 30. október 2025.

## Af hverju kjósa færri í sveitarstjórnarkosningum?

Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum 2022 var langminnst á landinu í Reykjanesbæ eða 47,4%. Þátttakan er enn lakari hjá 40 ára og yngri eða tæplega 35% en var 57,6% hjá eldri er 40 ára.

Ljóst er að hátt hlutfall erlendra borgara í Reykjanesbæ (um 30%) hefur áhrif á þessa tölur en þátttaka útlendinga er mjög lítil.

Mæting á kjörstað í alþingiskosningum er hins vegar mun hærri. Á þingkosningum 2021 var þátttakan í Reykjanesbæ 73,2% miðað við 80,1% á landinu öllu.

Anna Karen Sigurjónsdóttir, sjálfbærniráðgjafi tók saman þessar tölur. Sjálfbærniráðgjafi Reykjanesbæjar vill greina kosningarnar enn frekar og hefur fengið samþykka fjarheimild kr. 150 þúsund til að fá fram sérvinnslu frá Hagstofunni varðandi Reykjanesbæ.



Einn kjörstaður hefur verið í Reykjanesbæ undanfarið ár, í fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Sjálfbærniráðgjafi mun vinna málið áfram milli funda og mun vinna að handbók kosninga fyrir Reykjanesbæ auk þess sem ráðið mun greina kosningaþátttöku og möguleika til úrbóta.

## Nauðsynlegt að styðja betur við Grindvíkinga

Bæjarstjórn Grindavíkur, Félag eldri borgara í Grindavík, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Sjómannna- og vélstjórafélag Grindavíkur hafa sent frá sér samstöðu-yfirlýsingu þess efnis að frekari stuðningur við Grindvíkinga sé nauðsynlegur. Staðan er flestum gríðarlega erfið þegar þeir leita leiða til að koma sér fyrir á fasteignamarkaðnum.

Í yfirlýsingunni, sem má lesa í heild sinni á vf.is, er farið þess á leit við yfirvöld að Grindvíkingar njóti sömu kjara og fyrstu kaupendur og fái helmingsafslátt af stimpilgjöldum vegna fasteignakaupa. Þá er beðið um að heimild verði veitt til nýtingar á séreignasparnaði við kaup á fasteign líkt og heimilt er fyrir fyrstu kaupendur. Að lokum biðja samstöðuaðilar um að öllum Grindvíkingum verði veitt heimild til að sækja um hlutdeildarlán líkt og fyrstu kaupendur.

## Gera skammtíma-samning við Vegagerðina um Vogastrætó

Fyrir liggja drög að samkomulagi við Vegagerðina um gerð samnings til þriggja mánaða um rekstur Vogastrætó en unnið er að framtíðarlausn í samstarfi aðila sem miðar m.a. að því að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Voga viðunandi þjónustustig í almenningssamgöngum.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum að fela bæjarstjóra að ganga frá skammtímasamningi við Vegagerðina til samræmis við framlögð gögn á fundinum með áherslu á að fundin verði viðunandi lausn á fyrirkomulagi almenningssamganga í Vogum eins fljótt og auðið er með áherslu á að bæta tímanleika og tíðni þjónustunnar.



Leikhópur Heiðarskóla sem tekur þátt í uppfærslunni á afmælissýningunni.

## „Gerðu það sem þú vilt“ á 25 ára afmæli Heiðarskóla

Heiðarskóli fagnar 25 ára afmæli á þessu ári og því var ákveðið að uppsetning leiklistarvalsins á árshátíð skólans yrði tengd afmælinu.

Bryndís Jóna Magnúsdóttir, skólustjóri, samdi handritið fyrir hópinn sem fjallar í stórum dráttum um unglinga sem langar að taka þátt í skólaleikriti en óttast að einhverjum þyki það hallærislegt. Lögin eru tekin úr leikritum sem hafa áður verið sett á svið Heiðarskóla og eru tengd inn í verkið.

Hópurinn hefur æft undir stjórn leikstýranna Estherar Ingu Níels-

dóttur, Daniellu Hólm Gísladóttur og Guðnýjar Kristjánsdóttur en þær stóllur hafa sett upp fjölmargar sýningar með nemendum undanfarið ár.

Þátttakendur í sýningunni eru allir nemendur leiklistarvals úr 8.-10.bekki. Hópurinn er fjölmennur í ár, einhverjir eru að stíga sín fyrstu skref á sviði en aðrir hafa tekið þátt áður. Það er

alltaf líf og fjör í þessari valgrein og framundan er skemmtilegur en stressandi tími þar sem árangur erfiðis undanfarið vikna er sýndur nemendum og starfsfólki Heiðarskóla, foreldrum og öllum þeim sem hafa áhuga á að koma á sýninguna.

Að venju verða sýningar fyrir almenning að lokinni árshátíð skólans og verða þær þriðjudaginn 19.mars og miðvikudaginn 20.mars. Miðaverð er 1.000 krónur. Ekki er posi á staðnum.

# ÓDÝRARI PÁSKAEGG HJÁ OKKUR!



**VERÐ-  
VERND!**

**EXTRA OPIÐ**  
**24/7**  
Hafnargata, Reykjanesbæ

Breytilegt úrval milli verslana.  
Verðvernd. Sýndu okkur kvittun samdægurs  
og við endurgreiðum mismuninn eins og skot.  
Gildir fyrir Páskaegg í stærð 2 og upp úr frá  
Nóa, Freyju, Kólus & Góu.



**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN



**PANTAÐU TÍMA**

# PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsdóttir landslagsráðgjafi verður á Suðurnesjum dagana **15. og 16. mars** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þrívíddarteikningum af fullkomnu afdrepi í garðinum þínum

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

**BADHERBERGIS  
DAGAR**

Tilboð gilda frá  
7.-20. mars



**-25%**  
AF FJÖLDA  
VARA

**SKANNADU  
KODANN OG SJADU  
OLL TILBOÐIN**

á [www.byko.is/badherbergisdagar](http://www.byko.is/badherbergisdagar)

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



B A R N S M Ó Ð I R A P M O K  
 R Ó G B U R Ð U R S Í Ð É V V  
 E G A S F Ú D A N E P A I O E  
 N N G Á R D N A D L E K Æ N N  
 N I N R A B A R D N U Ö P G N  
 I R A I N B E Ý Ó S L A Ð Ó A  
 S 8 S J K R D R Ö G R A R Ð R  
 T Ú T S Ö R U F G F É G A M Á  
 E N G L A R N G Ö S G Ý M G Ð  
 I P Y Ó L U J A N R R A B I A  
 N Æ É G N H Y R H U A G R I R  
 N P K U T S É N Ó U Ð L B N G  
 S B G T R U B M A K A U G N U  
 Ö U P R A G A L É F R Ó K U R  
 A S I M A K L Ó F A T T Ó L F

KVIKUSÖFNUN  
 GARN  
 UNDRABARN  
 FUGLAR  
 BRENNISTEINN  
 KUÐUNGUR  
 ÖFGAR  
 FLÓTTAFÓLK  
 AUGUN  
 RÓGBURÐUR

BERG  
 KVENNARÁÐ  
 ÖGRAR  
 GAGNAST  
 KELDA  
 VONGÓÐ  
 BARNSMÓÐIR  
 ÖGNIR  
 RAÐAR  
 KOMPA

Gangi þér vel!

# Togarar og færabátar veiða svo til á sama svæði

## AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson  
 gisli@aflafrettir.is



Tíminn æðir áfram eins og ég hef svo oft byrjað pistlana mína og að sama skapi þá heldur góða veiðin sem er búin að vera hérna við Suðurnes áfram.

Helsta veiðisvæðið er utan við Sandgerði og það eru ekki bara bátar sem landa í Sandgerði sem eru á veiðum þar því t.d. netabátarnir Þórsnes SH og Jökull ÞH eru báðir á veiðum þar og hafa landað í Hafnarfirði.

29 metra togarar frá Grundarfirði; Runólfur SH, Sigurborg SH, Hringur SH og Farsæll SH, hafa einnig allir að einhverju leyti komið þarna fyrir utan. Líka Harðbakur EA, Sóley Sigurjóns GK og Jón á Hofi ÁR.

Mjög sérstakt er að skoða ferilinn hjá þessum skipum sem eru að veiða við línuna þarna fyrir utan því þriggja mílna línun liggur þarna fyrir utan Stafnes og að Sandgerði og beygir þar í norð-vestur og fer síðan yfir Faxaflóann og beint í Malarrið á Snæfellsnesi.

Á góðum dögum má sjá hóp af þessum togurum á þessari línu og sérstaklega í þessari beygju og það má sjá þessa togara frá landi, innan við línuna er síðan hægt að sjá litla handfærabáta á veiðum svo til við þessa línu. Þetta er ansi sérstakt og líklega er þetta eina veiðisvæðið á Íslandi þar sem að færabátur er að veiða á svo til sömu slóðum og togari.

Margir sjómenn sem ég hef talað við hafa nefnt að þessa línu þurfi að færa og hafa línuna frá Hafnarbergi og þaðan beint yfir í Malarrið. Með því myndu togararnir fara utar og svæðið innan við línuna yrði þá fyrir færabátana, línubátana, netabátana og þessa



fáu dragnótabáta sem eru að róa hérna.

Ekki svo vitlaus hugmynd. Reyndar hefur þessi lína þarna fyrir utan verið við lýði í líklega um 40 ár en þá voru trollbátarnir sem þá voru að veiðum margfalt minni og ekki nærri því eins öflugir og núna eru. Helstu trollbátarnir sem réru þá voru til dæmis Vörður ÞH og Oddgeir ÞH sem lönduðu í Grindavík. Elliði GK, Reynir GK, Geir Goði GK og Jón Gunnlaugs GK sem allir voru í eigu Miðness og lönduðu í Sandgerði. Allir þessir sex bátar voru allt bátar sem tóku trollið á síðuna og höfðu ekki þessa mikla toggetu sem 29 metra togararnir árið 2024 hafa.

Fyrst ég er að skrifa um togveiðarnar þá er rétt að líta á þær og byrja á frystitogaranum Baldvini Njálssyni GK en hann kom

til Hafnarfjarðar með 827 tonn og af því þá voru 487 tonn af ýsu og 213 tonn af þorski. Ýsuvótinn var aukinn töluvert á þessu fiskveiðiári en vegna þess hversu mikið er af þorski í sjónum hefur gengið illa að veiða ýsu því það er alltaf einhver þorskur með en í þessum tús hjá Baldvini Njálssyni GK gekk greinilega vel að veiða ýsuna.

Sturla GK er með 257 tonn í fjórum löndunum en hann er búinn að vera á veiðum út af Þorlákshöfn og við Vestmannaeyjar og hefur landað í Þorlákshöfn. Jóhanna Gísladóttir GK með 222 tonn í þremur, landað í Grundarfirði og Hafnarfirði. Sóley Sigurjóns GK 218 tonn í tveimur, landað í Hafnarfirði og var á veiðum þarna við þessa línu utan við Sandgerði. Pálína Þórunn GK er búin að vera í slipp í Reykjavík.

## Nýr forstjóri HSS tekinn til starfa

Nýr forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, tók til starfa 1. mars. Hún var skipuð í embættið til fimm ára í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.



Guðlaug Rakel er hjúkrunarfræðingur að mennt. Hún er einnig með meistaranám í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands (HÍ) og hefur jafnframt lokið ýmsum námskeiðum í lýðheilsuvísindum innan læknaeildar HÍ í tengslum við doktorsverkefni sem hún vann að um faraldsfræði notenda bráða-

móttaka. Frá árinu 2000 hefur hún sinnt ýmsum stjórnunarstörfum innan heilbrigðiskerfisins. Árið 2019 tók hún við starfi framkvæmdastjóra meðferðarsviðs Landspítala þar til hún var sett tímabundið í embætti forstjóra Landspítala haustið 2021.

# SUÐURNESJA magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

## Bílaveiðgerðir Smurþjónusta Varahlutir

### BÍLAR & PARTAR



Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík  
 sími 421 7979  
 www.bilarogpartar.is

## Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:  
 11-13:30  
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á



HEYRN  
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Meðmælasöfnun er hafin!

Fylgdu QR kóðanum og komum okkar konu að.

#fruforseti

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð  
Nóir Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bætum aðbúnaði starfsfólks.

## Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn er tilbúinn. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

**Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.**

# Lét handarmissi ekki stöðva sig

**Ingibjörg Þórdísar- og Ólafsdóttir missti hönd í vinnuslysi í frystihúsi í Sandgerði aðeins sextán ára gömul. Hefur ekki látið það stöðva sig, tók stúdentspróf og lauk síðan meistaranámi í háskóla. Fékk taugaáfall mörgum árum eftir slysið og enga félagslega aðstoð. Nú nýtur hún lífsins á golfvöllinum og elskar félagsskapinn!**

Ingibjörg Þórdísar- og Ólafsdóttir er mögnuð kona með mikla og sterka tengingu við Suðurnesin og sérstaklega Sandgerði. Hún bjó þar sextán ára gömul þegar hún lenti í hræðilegu slysi og þurfti í kjölfarið að taka af henni nánast alla hægri höndina. Strax eftir slysið var ekki í boði að væla og hún hefur heldur betur staðið sína plikt og vel það en vissulega gaf stundum á bátinn hjá henni en þá fór hún í mikla sjálfsvinnu. Í dag er hún í frábærri stöðu hjá Landspítalanum og spilar golf og ekki nóg með það, hún er ansi góð í íþróttinni.

Ingibjörg var til í að mæla sér mót við blaðamann í Sandgerði, n.t. fyrir utan húsnæði Miðness eins og það heitir núna en það er í eigu Nesfisks í dag en árið 1977 þegar slysið átti sér stað og hún var ennþá sextán ára, hét fyrirtækið Miðnes.

„Já, ég mun líklega alltaf muna þennan dag eins og hann hafi gerst í gær, þetta var mánudagur og ég byrjaði að vinna á þessari marningsvél á hádegi. Ég var farin að leiða hugann að því að hætta hjá fyrirtækinu, það var stutt í páska man ég og ég vildi fara breyta til. Ég var fjórtán ára þegar ég byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu, fékk að vinna hálf sumar eftir að hafa verið í unglingavinnunni í Garðahreppi. Þetta tíðkaðist í þá daga, flestir ef ekki allir krakkar voru byrjaðir að vinna í fiski þetta ungr. Við krakkarnir vorum settir á þessa marningsvél, það þótti afskaplega leiðinlegt að lenda á henni og hún var auðvitað kolólögleg, hvað þá fyrir börn að vera vinna á henni og ég má þakka fyrir að hafa ekki misst lífið þennan dag. Einhver öryggishlíf átti að vera á henni en hún tafði svo mikið fyrir vinnunni svo hún var aldrei notuð, ég geri mér ekki grein fyrir hvort ég hafði verið tæp að lenda í slysi á vélinni, við vorum bara sett á hana og unnum, ég hafði verið að vinna á henni alveg frá því að ég byrjaði að vinna þarna fjórtán ára gömul. Ég ætla rétt að vona að þetta sé ekki leyft í dag, ég myndi ekki leyfa afkomendum mínum að fara inn á svona vinnustað í dag ef hlutirnir væru eins og þeir voru þegar ég lenti í þessu hræðilega slysi.“




Ingibjörg með tveimur af systkinum sínum, Sigurlínu og Ólafi, þegar hún fékk meistaraáhröndu sína.

„Ég tók þessa ákvörðun eftir meistaranámið mitt, ég vildi gera eitthvað skemmtilegt samhliða vinnunni og valið stóð á milli dans eða golfs, sem betur fer valdi ég golfið, dansinn biður betri tíma.“

## Óbærilegur sársauki

Ingibjörg man ekki beint eftir sársaukanum þegar slysið átti sér stað en næstu dagar, vikur og mánuðir voru nánast óbærilegir. „Líkaminn okkar er svo fullkominn, hann tók yfir þegar slysið átti sér stað svo í minningunni er ég ekkert rosalega kvalin fyrst eftir að þetta

gerðist. Ég festist í vélinni og þá eru eðlileg og ósjálfráð viðbrögð að reyna rifa sig lausa en þá sleit ég allar sínar og taugar. Ég náði að stöðva vélina en ég var hrædd um að enginn myndi hlusta á öskrin í mér því það var strákur sem var að vinna með okkur sem var alltaf að fíflast í okkur stelpunum, ég hélt að enginn myndi taka mark á mér ef ég öskraði, nokkurs konar „úlfur, úlfur.“ Á meðan ég var föst í vélinni horfði ég eingöngu á snúrana úr vélinni þar sem hún var í sambandi í veggnum, ég skipaði þeim fyrsta sem kom að kippa úr sambandi, ég var svo ofboðslega hrædd um að vélin færi aftur í gang, þá hefði ég ekkert getað gert. Svo man ég næst eftir mér inni í verkstjórakompunni, höndin var ennþá á mér en allt skinn var farið af henni, ég hélt á henni eins og ég væri í líffræðitíma í skólanum. Ég held að höndin hafi verið óbrotin, eins furðulega og það kann að hljóma en ég var búin að slíta allar taugar og sínar eins og áður kom fram. Það næsta sem ég man var að bróðir minn sem var skipstjóri og var nýkominn í land, labbaði inn á kontorinn og þá bara slökknadi á öllu hjá mér, ég gat sett alla ábyrgðina yfir á hann og hann tók stjórnina. Það kom fljótlega lækni sem stóð sig vel, það voru auðvitað allir í taugaáfalli yfir þessu og svo fór ég eldsnögg á sjúkrahúsið í Keflavík, þaðan inn á Borgarspítala og á móti mér tók Haukur Arnason, lækni. Það var búin að taka myndir og hann sagði mér fljótlega að það þyrfti að taka höndina af mér. Það var búin að dæla í mig morfíni og einhverju öðru sjálfsagt en samt var sársaukinn þarna orðinn óbærilegur.



Með föður sínum að sauma í við eldhúsbordid.

## VIDTALID

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



Þess vegna var ég eiginlega fegin að heyra þetta, hélt að þar með myndi ég losna við sársaukann. Það voru giftuleg vonbrigði þegar ég vaknaði eftir aðgerðina, sársaukinn var sá sami, höndin farin en taugasársaukinn var alls ekki farinn. Ég þurfti að liggja fyrir, þá var sársaukinn minni en um leið og ég stóð upp tók hann yfir en smám saman mildaðist hann og maður lærði að lifa með honum, sársaukinn varð í raun hluti af manni. Ég var stutt á spítalanum en þurfti oft að koma til að láta athuga með það sem eftir var af höndinni. Fyrstu vikurnar og mánuðirnir voru mjög erfiðir, ég átti erfitt með að sofa fyrst en eins og ég segi, svo bara vandist þetta einhvern veginn,“ segir Ingibjörg.

## Harkan sex

Ingibjörg er mjög ánægð með hvernig fólkið hennar tók þessu, það var einfaldlega ekki í boði að leggjast í kór og grenja. Ingibjörg hafði í raun val um að líta á þennan nýja veruleika með glasið sitt hálf-tómt eða hálfullt, síðan þá hefur meira og minna nánast flætt upp úr glasiu hennar.

„Ég var strax drifin á fætur má segja, mér er minnisstætt fyrst eftir slysið þegar við vorum að borða, þegar ég var búin að flysja kartöflurnar voru systkini mín búin að borða. Svo komst ég auðvitað upp á lagið með það og áður en varði var ég búin að borða á sama tíma og systkini mín. Eldri systir mín réði mig strax í vinnu til sín, ég sá um börnin hennar og hjálpaði til við



Ingibjörg Soffía Bæringsdóttir með dóttur sína, þá tveggja ára.

„Ég veit að sumt fólk hefur ekki borið þessa slyss bætur, t.d. tengdamóðir systur minnar sem var verkstjóri og setti mig á vélina, hún jafnaði sig aldrei á þessu og það þykir mér mjög leitt. Það þekktust allir í þessu litla samfélagi og margir áttu bágt yfir þessu, ekki bara ég.“

heimilishaldið. Hún kenndi mér t.d. að brjóta saman lök, hvernig henni tókst að kenna mér það og ég einhent er aukaatriði, þetta bara einhvern veginn gekk. Það var klárlega mín gæfa hvernig við tókumst á við þetta, það þurfti einfaldlega að láta dæmið ganga upp og ég þurfti bara að læra að bjarga mér. Það að setja mig í þennan hetjugír bjargaði mér að vissu leyti, ég setti bara undir mig hausinn og tók á því en svo kom eðlilega að skuldadögum síðar meir og þá tók ég á því. Ég fór í Lýðháskólann í Skálholti u.þ.b. einu og hálfu ári eftir slysið, það var frábær tími og ég sá að ég gat lært. Þegar ég var búin með það nám rúmlega tvítug, tók við framhaldsskólalagangana en ég var mjög leitandi á þessum tíma, vissi í raun ekkert hvað ég vildi verða þegar ég yrði orðin stór og eftir á að hyggja var ég einfaldlega ekki tilbúin í að fullorðnast. Ég fór í framhaldsskólann í Ármúla, þaðan í Flensborg í Hafnarfirði, flutti svo suður og bjó í Njarðvík um tíma og var í FS. Ég fór eitthvað að vinna og var eins og ég segi, frekar leitandi. Svo varð ég ófrísk og eignaðist Soffíu dóttur mína þegar ég var orðin 27 ára gömul, þá loksins var ég tilbúin að verða fullorðin.“

## Skuldadagar

Ingibjörg flutti heim í Sandgerði þegar hún gekk með Soffíu, réði sig í vinnu í saltfiski og tók þátt í baráttu lífsins eins og aðrir. Um tíma var hún í aukavinnu, sinni nýja heimilinu sínu í Sandgerði og ól dóttur sína upp en það var alveg ljóst að það kæmi að skuldadögum, hún hafði ekki unnið andlega úr áfallinu forðum og svo hafði hún





## MYNDSKEIÐ

Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Stúdent árið 2004.

bauðst að taka síðasta árið sem skiptinemi svo ég flutti til Bandaríkjanna í eina önn. Var búin með þetta nám þegar ég var 47 ára og réði mig í vinnu hjá MSS [Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum] í Reykjanæsbæ, fyrir utan skrifstofustörfin í Hringssjá var þetta fyrsta vinnan sem ég vann sem var ekki líkamleg, skrytið að ég einhent hafi allan minn starfsaldur unnið líkamleg störf. Ég tók svo meistaraþróf samhliða vinnunni hjá MSS og var endanlega búin með allt nám árið 2011. Þá var ég flutt til Reykjavíkur, vann áfram að hluta til fyrir MSS en hóf svo störf hjá Landspítalanum árið 2012, byrjaði í skjalavinnslu en svo hefur starfið þróast og í dag er ég skrifstofustjóri hjá kvíðarholssérfræðingum og er mjög ánægð í því starfi og sé ekki fyrir mér að ég muni breyta til á næstunni. Á sama tíma og ég byrjaði í þessari vinnu hófst nýr kaflí hjá mér," segir Ingibjörg

### Golf með „einari“

Í viðtalinu sem átti sér stað fyrir utan fiskvinnsluhúsið í Sandgerði þar sem Ingibjörg starfaði, fór hún að tala um tilfinningu í höndinni. Þar sem engin hægri hönd er sýnileg hélt blaðamaður að hún væri að tala um vinstri höndina.

„Það að hafa verið með verki sem ég vandist með tímanum, hjálpaði mér í raun því ég náði betra jafnvægi. Ég er alltaf með tilfinningu í lófanum, á góðum dögum get ég rétt úr puttunum. Ég er með tilfinningu fyrir olnbogunum, lófunum og puttunum, eins skrytið og það má hljóma. Þetta eru taugarnar, þetta hefur hjálpað mér mjög mikið og hugsanlega hefði ég ekki getað eignast nýtt frábært áhugamál árið 2012, ef ég hefði ekki haft þessa tilfinningu. Ég tók þessa ákvörðun eftir meistaranámið mitt, ég vildi gera eitthvað skemmtilegt samhliða vinnunni og valið stóð á milli dans eða golfs, sem betur fer valdi ég golfið, dansinn bíður betri tíma. Ég byrjaði bara ein og var frekar feimin, vildi ekki láta neinn sjá mig fyrst. Ég fór fljótlega á námskeið hjá Golfklúbbi fatlaðra og var hjá þeim í tvö ár, spilaði þá Ljúflinginn í Keili sem er þrjú völlum, í felum má segja. Árið 2014 tók ég svo ákvörðun um að ganga í GKG því ég er upprunalega frá Kópavogi og bjó svo í Garðabæ. Ég spilaði bara minni völlum, Mýrina, fyrstu tvö sumrin og upp frá því fór sjálfstraustið að koma og þá fór ég að þróa gervihönd með Össuri og mér óx ásmegin á golfvöllum. Ég

spilaði mitt besta golf árið 2019 en eftir það fór ég að fara í bakinu því gervihöndin var ansi þung. Því tók ég ákvörðun árið 2022 að leggja höndinni og þá fór ég nokkur skref aftur á bak í golfgetunni, ég var búin að lækka um heila níu í forgjöf en lægst komst ég í 29,2. Það er loksins núna í vetur sem ég er farin að sjá aftur til sólar, það var ekki amalegt að skora 44 punkta og rúlla þér upp!“, en blaðamaður VF og kylfings.is tóku saman golfhring í golfhermi.

„Ég mun spila þetta sumar án gervihandar en ég er búin að hitta mann frá Englandi sem sérhæfir sig í þessum hlutum, það yrði gaman að geta fengið gervihönd sem er lættari en ef ekki veit ég að ég mun njóta golfsins áfram. Ég er hjá frábærum golfkennara, Sigurpáli Geir Sveinssyni hjá GS og svo er ég í frábærum golfhópi sem kallar sig Valkyrjurnar. Við hittumst annað hvert mánudagskvöld yfir veturinn og erum duglegar að spila saman á sumrin. Ef þú spyrð mig um ánægjuna yfir að hafa farið í golfið og skalinn er 1-10, svara ég 15! Það er ekki bara sjálft golfið, allt í kringum þetta er bara æðislegt, frábær félagsskapur, þetta er hreyfing og oftast í fallegu og góðu veðri. Allir golfarar þekkja líklega tilfinninguna að hafa verið týndur í sveiflunni, hversu góð tilfinningin er að finna að hún er að koma aftur. Ég get varla beðið eftir sumrinu!“

### Uppgjör

Ingibjörg var mjög þakklát fyrir að mæta á gamla vinnustaðinn í Sandgerði, hún er þó enn að vinna úr þessu öllu og þó svo að hún sé komin á frábæran stað andlega, er samt ýmislegt óúppgert.

„Ég er ekki búin að gera þetta allt upp, ég finn það. Mig vantar upplýsingar, það var fyrst núna í febrúar sem ég fékk lögreglu-skýrslur af slysinu. Það var mjög sláandi, ég hef verið að burðast með sektarkennd yfir þessu í öll þessi ár, sektarkennd því mér finnst ég hafa orsakað þetta slys.



Ingibjörg með Sigurlínu systur sinni sem hefur alltaf reynst henni stöð og stytta.



Ingibjörg að klífa á Vestfjörðum.

lent í öðru áfalli og á endanum fékk hún taugaáfall.

„Það var gott að flytja aftur í Sandgerði, þar þurfti ég ekki að sanna mig eins og í Reykjavík, það þekktu mig allir og allt var einfaldara og þægilegra fyrir mig, mitt fólk var líka í Sandgerði. Athyglisvert að spá í því eftir á að þrátt fyrir mína fötlun var engi félagslega aðstoð að fá þá, það eru sem betur fer breyttir tímar í dag. Maður þurfti einfaldlega að redda sér og við mæðgur bjuggum í þrjú ár í Sandgerði en svo kom að því að ég fékk taugaáfall. Þá fluttum við í Reykjavík og ég fór að vinna í mínum málum, það var gott að ég gerði mér grein fyrir að ég þurfti hjálp og ég vissi að ég gæti fengið hana og vinnan hófst. Á svipuðum

tíma skráði ég mig í leiklist, það var frábært að hafa það á móti sjálfsvinnunni og ég bý ennþá að leiklistinni. Sjálfsvinnan var erfðust fyrst en svo kom þetta smám saman og ég myndi segja að ég hafi verið í u.þ.b. tíu til fimmtán ár að ná mér fullkomlega. Ég komst undir það síðasta í ferlinu inn í frábæran skóla sem heitir Hringssjá, þar gat ég bætt við mig fullt af tölvunámskeiðum og öðru hagnýtu námi og fékk svo vinnu þar. Ég hafði verið búin að fara úr einum skóla í þann næsta og kláraði aldrei stúdentinn en þarna fann ég að ég var tilbúin til þess, settist á skólabekk og útskrifaðist sem stúdent árið 2004 frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, tók það nám samhliða vinnunni í Hringssjá. Ég skráði mig svo í Háskóla Íslands árið 2004, þá orðin 43 ára og fór bæði í félagsfræði og vinnumarkaðsfræði. Mér



Golfhópurinn sem Ingibjörg er í, Valkyrjurnar.

”

Athyglisvert að spá í því eftir á að þrátt fyrir mína fötlun var engi félagslega aðstoð að fá þá, það eru sem betur fer breyttir tímar í dag. Maður þurfti einfaldlega að redda sér og við mæðgur bjuggum í þrjú ár í Sandgerði en svo kom að því að ég fékk taugaáfall.

Að sjálfsögðu er það þvæla, ég var sextán ára gamalt barn og átti aldrei að fá að vinna á þessari vél og þess vegna var þetta ekki mér að kenna. Það er oft talað um að skila skömminni, ég held að það eigi mjög vel við í mínu tilviki. Ég veit að sumt fólk hefur ekki borið þessa slyss bætur, t.d. tengdamóðir systur minnar sem var verkstjóri og setti mig á vélina, hún jafnaði sig aldrei á þessu og það þykir mér mjög leitt. Það þekktust allir í þessu litla samfélagi og margir áttu bággt yfir þessu, ekki bara ég. Ábyrgðin lá bara ekki hjá þessum aðilum, það voru eigendur fyrirtækisins og Vinnueftirlitið sem áttu og eiga að bera ábyrgð á svona löguðu finnst mér. Lögfræðingurinn sem ég var með á þessum tíma var víst mjög góður en mér finnst ansi núturleg staðreynd að hafa verið metin til jafns við Skoda bifreið, það var upphæðin sem ég fékk í bætur á sínum tíma, sama og nýr Skoda kostaði. Ég er að skoða þessi mál og ef það er raunhaft að sækja frekari bætur mun ég ekki hika við að gera það, ekki endilega peninganna vegna, heldur bara til að skila skömminni þangað sem hún átti allan tímann heima. Ég ber ofboðslega mikla virðingu fyrir þessari stelpu sem lenti í þessu slysi á sínum tíma, hvernig hún lærði að bjarga sér og er komin á þann stað í dag í lífinu sem hún er á. Þessi stelpa lærði heldur betur að plumma sig en ég veit að hún hefði alveg verið til í að velja aðra leið í lífinu," sagði Ingibjörg að lokum.



Ingibjörg að spila uppáhaldsgolfholu sína, á Tracian Cliff golfvöllum í Búlgaríu.



Kartöflurnar flysjaðar með barnabörnunum.





Sera Baldur Rafn Sigurðsson og Sera Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir eftir ferminguna í Njarðvíkurkirkju um þarsíðustu helgi.

„Fermingarnar gengu virkilega vel. Frábært veður og börnin spennt,“ segir séra Baldur Rafn Sigurðsson, sóknarprestur, en fermingar Njarðvíkursókn hófust um þarsíðustu helgi í Njarðvíkurkirkju í Innri-Njarðvík.



Jóhann Páll Kristbjörnsson  
johann@vt.is

„Það fermdust tólf og tólf en við komum ekki fleirum fyrir í hverri fermingu í kirkjunni í Innri-Njarðvík.“

Eftir að Njarðvíkursóknirnar sameinuðust í eina á síðasta ári er Njarðvíkurkirkja sóknarkirkja í Njarðvíkursókn en Kirkjuvogskirkja og Ytri-Njarðvíkurkirkja svokallaðar annexiur, eða útkirkjur.

**Hefur þessi sameining sóknanna einhver áhrif á fermingar í Njarðvíkursókn?**

„Nei, nei. Hjá okkur fá þau að velja um daga og kirkjur, bara með þessu fororði að við getum ekki fermt fleiri en tólf í einu í Njarðvíkurkirkju og þurfum að takmarka fjölda gesta.“

Í Ytri-Njarðvíkurkirkju hef ég fermt mest 26 eða 27 börn í einu. Það er svo allt annað rými þar.“



# Fermingar hafa lítið breyst í gegnum tíðina

- segir séra Baldur Rafn Sigurðsson, sóknarprestur í Njarðvíkursókn.



Sera Baldur segir helstu breytinguna sem hann tók eftir vera þá að nú séu ekki fengnir ljósmyndarar til að taka myndir af fermingarbörnunum, foreldrar sjá um það sjálfir í dag.  
Ljósmyndir/Kristján Jóhannsson

## Fermingar

Sera Baldur segir að spenningurinn sé mikill fyrir fermingardegnum og það hafi ekkert breyst.

„Þau gleyma jafnvel að fá sér að borða, það er svo mikill spenningur. Svo eitt af því sem við höfum alltaf þurft að passa í Innri-Njarðvík, stelpugreyin sem eru búin að hafa fyrir því að fara í hárgreiðslu fyrir athöfnina og svo fýkur þetta allt út í loftið. Þannig að við þurfum að ítreka sérstaklega fyrir foreldrum stúlkunnanna að vera með eitthvað fínt yfir hárið – en því var ekki að skipta á sunnudaginn, það var alveg blankalogn og sól. Þetta var eitt af fáum skiptum sem það hefur verið þannig,“ segir séra Baldur en fermingar hefjast alltaf fyrst í Njarðvík á Suðurnesjum.

„Þetta er gert út af salarveseni. Við höfum byrjað, svo hefur Keflavík komið á eftir okkur og síðan Sandgerði og Garður þar í humáttinni á eftir. Þá hefur fólk mikið meira val um að geta fundið sér sali fyrir veisluna, sumir hafa veisluna jafnvel á laugardegi – degi fyrir athöfnina til að geta boðið öllum. Það er allur gangur á þessu.“

**Hvenær er þá fermingum lokið í Njarðvíkursókn?**

„Við endum alltaf á skírdag, þetta eru sjö fermingar hjá okkur og endum á skírdag.“

**Finnst þér fermingarnar hafa breyst í tímann rás?**

„Nei, þetta er voðalega svipað. Unglingar eru alltaf unglingar eins og ég segi, ég er nú búinn að

vera í þessu í fjörutíu ár og það er alltaf sami spenningurinn en það hefur orðið gríðarleg breyting með þessu snjalltækjadóti öllu og við þurfum jafnvel að taka símann af þeim áður en það er labbað af stað. Síminn er alveg fastur við þau og sjálfsagt okkur fulloröna fólki líka. Við erum ekkert skárrí.“

Sera Baldur Rafn er að hefja þrítugasta og þriðja árið sitt hér í Njarðvík en hann er búinn að vera hér frá 1992. „Ég var á Ströndunum áður en ég kom hingað og þar áður í stutta stund í Húnavatnssýslu, ég er Húnavetningur að hluta, fór aðeins heim. Konan mín er reyndar héðan, hún er Grindvíkingur og Keflvíkingur en átti heima í Njarðvík sem unglingur.“

## Yfirsjúkráþjálfari



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) óskar eftir að ráða til starfa yfirsjúkráþjálfara. Stofnunin veitir íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru þrjú svið; heilsugæslusvið, sjúkrahússvið og hjúkrunarsvið. Fram undan er víðtæk uppbygging á HSS, endurskoðun á þjónustuferlum sem og stefnu stofnunarinnar byggðri á Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingi með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar til að taka þátt í uppbyggingu stofnunarinnar. Á HSS er lögð áhersla á góða samvinnu, stuttar boðleiðir og góðan starfsanda.

Yfirsjúkráþjálfari starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

### Frekari upplýsingar um starfið

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og starfsleyfi ásamt kynningarbréfi þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni og sýn á starfið. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSS við ráðningar á stofnunina. Öllum umsóknum verður svarað. Starfshlutfall er 100%, æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 21. mars.

### Upplýsingar veitir

Helga Hauksdóttir helga.hauksdottir@hss.is

Hægt er að sækja um starfið hér



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótun og innleiðing aðgerðar-áætlunar í sjúkráþjálfun
- Fagleg ábyrgð á sjúkráþjálfun á stofnuninni
- Umsjón með gæðamálum
- Skipuleggur og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi innan og utan stofnunar
- Fræðsla um sjúkráþjálfun í meðferð skjólstæðinga
- Umsjón með daglegum rekstri deildar
- Stýring mannauðs
- Almenn störf sjúkráþjálfara

### Hæfniskröfur

- Sjúkráþjálfari með íslenskt starfsleyfi
- Víðtæk reynsla sem sjúkráþjálfari er skilyrði
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Stjórnunarfærni
- Reynsla af jafningjafræðslu er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Faglegur metnaður, frumkvæði, samstarfshæfni og jákvætt hugarfar

# Gestir hvattir til að taka þátt í lifandi listasýningu

## AFBYGGING STÓRIÐJU Í HELGUVÍK OPNUÐ Í LISTASAFNI REYKJANESBÆJAR UM HELGINA

Vel var mætt á opunarhóf fyrir sýninguna Afbygging stóriðju í Helguvík sem var haldið í Listasafni Reykjanesbæjar um helgina. Listamennirnir hvetja gesti til að taka þátt í samtalinu með þeim því sýningin er lifandi og tekur breytingum meðan á sýningar-tímanum stendur.

Afbygging stóriðjunnar í Helguvík stendur til sunnudagsins 28. apríl 2024 en það er listamannateymið Libia Castro & Ólafur Ólafsson sem vinnur verkið sem er verk í vinnslu og unnið í samstarfi og samtali Libiu & Ólafs við Töfrateymið, Andstæðinga stóriðju í Helguvík, aðra umhverfisverndar-sinna, hagfræðing, íbúa Reykjanesbæjar og nærsamfélaga og sýningarstjórnar Jonatan Habib Engqvist.



Listamennirnir mæla með því að fólk komi oftar en einu sinni yfir sýningartímann og taki þátt í samtalinu með þeim því sýningin er lifandi og tekur breytingum meðan á sýningar-tímanum stendur.

Libia Castro & Ólafur Ólafsson hófu samstarf sitt í Hollandi árið 1997. Þau vinna þverfagleg samvinnuverkefni; með vídeó, ljósmyndun, hljóðskúlptúr og margmiðlunarinnsetningar. Libia & Ólafur fóru fyrir hönd Íslands á Fenejartvíæringinn árið 2011. Þau hafa sýnt verk sín í almannarýmum í ólíkum borgum víða um Evrópu og haldið einkasýningar um heim allan.

Jonatan Habib Engqvist er alþjóðlegur sýningarstjóri og höfundur. Frá 2021 hefur hann starfað sem ritstjóri Ord&Bild.

Sýningin er styrkt af Safnasjóði. Listamennirnir eru styrktir af Myndlistarsjóði og Myndstef.

Meðfylgjandi ljósmyndir frá opnuninni tók Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfrétta.



Listamannateymið Libia Castro & Ólafur Ólafsson, milli þeirra eru Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, og sýningarstjórnar Jonatan Habib Engqvist. Myndin er tekin í aðdraganda sýningarinnar. VF/JPX

## Starf í boði hjá Álnabæ

Vinsamlegast hafið samband við verslunarstjóra.

# Álnabær

Opið frá 11.00 til 17.00 alla virka daga.



## Skemmtileg störf í Dósaseli

Tvo umsjónarmenn vantar til starfa í Dósaseli frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst í sumar.

Annar þarf að vera með lyftarapróf og sjá um reksturinn. Hinn þarf að hafa bílpróf og sjá um að sækja flöskur í flugstöðina.

Allar upplýsingar hjá Ingu Jónu í Dósaseli í síma 861-2208 eða á staðnum.

# DÓSASEL



## Skáldasúð

### - Lítil ljóðahátíð á Suðurnesjum

Ljóðahátíðin Skáldasúð var opnuð í Bókasafni Reykjanesbæjar fimmtudaginn 7. mars síðastliðinn og stendur til 21. þessa mánaðar en þessi litla ljóðahátíð er hugarfóstur myndlistarmannsins Gunnhildar Þórðardóttur sem er einnig ljóðskáld.



Hátíðin hófst með opnun á myndverkum Gunnhildar tengdar ljóðaverkefnum hennar. Sýning Gunnhildar nefnist Kjarni þar sem listamaðurinn sýnir eins konar kjarna af sínum verkum en höfundur vinnur jafnt í texta sem

listaverkum, bæði tví- og þrívíðum. Þá var einnig ljóðaupplestur með skáldunum Antoni Helga Jóns-syni, Valdimar Tómassyni, Guðmundi Brynjólfssyni, Ólafi Sveini Jóhannssyni og þá las Gunnhildur Þórðardóttir einnig upp úr ljóðabók sinni Dóttir drápunnar ljóð úr djúpinu.

Annað upplestrarkvöld verður haldið fimmtudaginn 14. mars nk. þar sem ljóðskáldin Draumej Ara-dóttir, Eyrún Ósk Jónsdóttir, Eygló Jónsdóttir og Guðmundur Magnússon koma fram.

Laugardaginn 16. mars frá kl. 12 til 14 verður svo haldin ljóðasmiðja fyrir börn og ungmenni en hátíðin er hugsuð fyrir börn jafnt sem full-orðna. Ljóðasmiðjan er í samvinnu við Reykjavíkurdætur, þær Steinunni og Ragnhildi, en það þarf vart að kynna þær þar sem Reykjavíkurdætur komu eins og stormsveipur inn í íslenskt tónlistarlíf fyrir nokkrum árum. Þær Ragga, sem er frá Keflavík, og Steinunn hafa unnið margar ljóðasmiðjur með grunnskólabörnum og nú munu þær koma til Keflavíkur. Ragga

Holm er menntaður tólmstunda- og félagsmálafræðingur og hefur haldið margskonar námskeið fyrir grunnskólabörn, unglingsdeildir og menntaskóla.

Steinunn hefur síðan 2011 starfað sem tónlistarkona og danskennari og gert ýmsar smíður fyrir börn og ungmenni.

Á sama tíma verða til sýnis ljóð í Sundmiðstöðinni Vatna-veröld. Þar munu koma fram ljóðskáld sem tóku þátt í öðru verkefni listamannsins Gunnhildar Þórðardóttur, Skáldskápur, en það verkefni var leið til að kynna ljóðið og þar sem ný ljóðskáld frá Suðurnesjum bókstaflega komu út úr skápnemum sem ljóðskáld. Skáldskápur stóð yfir í hálfu ári (2021-2022) og í hverju bókasafni á Suðurnesjum var kynnt ljóðskáld frá viðkomandi stað. Einnig verða til sýnis í sundlauginni ljóð eftir þekkt skáld frá Suðurnesjum, s.s. Erling Jónsson, Kristinn Rey, Þorstein Eggertsson og Sigvalda Kaldalóns.

Skáldasúð er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.



Gestir skemmtu sér hið besta yfir ljóðalestrinum. VF/JPX

## STARFS MANNAFÉLAG SUÐURNESJA

### SKILAFRESTUR VEGNA STJÓRNARKJÖRS 2024

Samkvæmt 7. Grein laga Starfsmannafélags Suðurnesja, auglýsir uppstillingarnefnd félagsins frest til að skila inn tillögum vegna stjórnarkjörs á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 16. apríl 2024.

Í kjöri eru tveir aðalmenn í stjórn kosnir til tveggja ára og tveir varamenn kosnir til eins árs.

Tillögum skal skila til Uppstillingarnefndar STFS, Krossmóa 4a, Reykjanesbæ, eigi síðar en 22. mars 2024. Tillögum skal fylgja: nafn, kennitala, starfsheiti, heimilisfang og heiti vinnustaðar þeirra sem tillagan er gerð um.

Tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um.

Uppstillingarnefnd





# Keflvíkingar lyftu deildarmeistarabikarnum í Blue-höllinni



Keflavík lagði Stjörnuna 77:56 í Subway-deild kvenna Blue-höllinni síðasta laugardag. Keflvíkingar eru deildarmeistarar 2024 og að leik loknum afhentu formaður og framkvæmdastjóri Körfuknattleikssambands Íslands Keflvíkingum deildarmeistarabikarinn við mikinn fögnuð leikmanna eins og meðfylgjandi myndir sýna.



Að ofan fagna deildarmeistarar Keflavíkur titilinum. Til hliðar eru mæðgurnar og stórskytturnar Björg Hafsteinsdóttir og Thelma Dís Ágústsdóttir. Björg er nýtekin við sem formaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags, og þetta er fyrsti titillinn sem kemur í hús í embættistíð hennar.

## BLAUTUR Á BAK VIÐ EYRUN TIPPAR

„Hvað viljið þið hjá Víkurfréttum fá í hádeginu,“ spurði Magnús Þórisson á Réttinum þegar honum var tilkynnt að hann hefði haft betur gegn Björgu Hafsteinsdóttur í tipleik Víkurfréttu. Maggi vann með minnsta mögulega mun, þ.e.a.s. þau voru jöfn með sjö leiki rétta, voru með sömu niðurstöðu alla leið niður í næstsíðasta möguleikann til að ná fram úrslitum. Hann var með fleiri rétta á fyrstu þremur leikjunum, var með þá alla rétta gegn tveimur leikjum réttum hjá Björgu. Björgu er hér með þökkud þátttakan.

Einn Íslendingur af 50 getspökum í Skandinavíu náði þrettán réttum og fékk rúmar 4,5 milljónir í sinn vasa. 22 Íslendingar fengur tæpar 30 þúsund krónur fyrir tólf rétta.

„Ha, hvað er það? Að tippa?“ spurði áskorandi vikunnar, kokkurinn, sölumaður SS á lambakjöti og formaður bæjarráðs Suðurnesjabæjar, Anton Guðmundsson. Það þurfti talsverðar fortölur til að fá Anton að tippborðinu en á endanum ákvað hann að slá til og segist ekki hræðast fyrrum vinnuveitanda sinn en Anton vann um tíma hjá Magga á Réttinum.

„Fjandakornið hafi það, ég mun varla gera meira í buxurnar heldur en annar fyrrum starfsmaður Magga. Það er spurning hvort ég nýti mér tölvuvalið en hins vegar yrði gaman að prófa að tippa alveg blint en ég fylgist ekkert með þessu lengur. Ég veit samt að Manchester United er besta liðið. Þegar ég var yngri fylgdist ég eitthvað með en

ég hef engan tíma í það lengur. Er ekki United annars enþá besta liðið?

Ég er búinn að vera sölumaður hjá SS síðan 2022, er að selja íslenska lambakjötið okkar, sem er það besta í heiminum. Svo er ég auðvitað á kafi í bæjarpólitíkinni í Suðurnesjabæ, við erum á fullu núna að velta við öllum steinum til að komast að sem bestri niðurstöðu á hvar nýr gervigrasvöllur muni rísa í Suðurnesjabæ. Sem betur fer erum við með flotta óháða aðila sem munu benda okkur á kosti og galla á viðkomandi stað og úr verður mikið framfaraskref fyrir knattspyrnu í Suðurnesjabæ, að fá gervigrasvöll. Þetta mun klárlega bæta aðstöðuna, þá sérstaklega fyrir börnin okkar, sama hvort völlurinn muni rísa í Garðseða Sandgerðishluta Suðurnesjabæjar. Eðlilega getur völlurinn ekki verið báðum megin og annar hvor hlutinn þarf að setta sig við niðurstöðuna. Við stefnum á að ákvörðun liggja fyrir fyrir sumarið og framkvæmdir hefjist fljótlega en ég treysti mér ekki á þessum tímamarki að segja til um hvenær völlurinn verður tilbúinn,“ sagði Anton.

„Mér list vel á að mæta kollega, Anton stóð sig mjög vel á sínum tíma þegar hann vann hjá mér. Ég er keppnismaður og var því eðlilega ánægður að vita að ég hefði náð að vinna Björgu, þetta var greinilega hörkurimma hjá okkur og sem betur fer hafði ég betur, þakka henni kærlega fyrir leikinn. Athyglisvert hjá ykkur að velja mann sem veit varla hvernig fót-

### 1X2 „DRUMAD Á ÞRETTÁN“



bolti lítur út, það verður gaman að sjá hvernig honum reidir af í tippinu. Ég ætti að vera sigurviss þar sem Anton hefur ekki hundsvit á enska boltanum en stundum getur það komið sér vel. Ég veit að það er nóg að gera hjá Antoni og öðrum bæjarfulltrúum í Suðurnesjabæ, ég ófunda þá ekki af þessari stóru ákvörðun, um hvar gervigrasvöllurinn eigi að rísa. Ég myndi auðvitað vilja sjá hann rísa í Sandgerði þar sem ég er Sandgerðingur en það er aukaatriði, aðalmálið er að það sé að rísa gervigrasvöllur,“ sagði Maggi að lokum.



Magnús	Seðill helgarinnar	Magnús
<input checked="" type="checkbox"/>	Man.City - Newcastle	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Fulham - Tottenham	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Burnley - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Luton - Nott.Forest	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Birmingham - Watford	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Ipswich - Sheff.Wed.	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Middlesbro - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Plymouth - Preston	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Rotherham - Huddersfield	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Stoke - Norwich	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Sunderland - Q.P.R.	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	W.B.A. - Bristol City	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Derby - Bolton	<input type="checkbox"/>

## Orlofshús VSFK Sumar 2024

Opnað hefur fyrir UMSÓKNIR-SUMARIÐ inn á orlofssíðum VSFK [vsfk.is](http://vsfk.is) (grænn takki merktur Orlofsvefur) eða [orlof.is/vsfk](http://orlof.is/vsfk)

Eftirtalin orlofshús félagsins verða leigð út sumarið 2024:

- 3 hús í Svignaskarði.
- 1 hús í Húsafelli 64 (hundahald leyft)
- 2 hús í Ölfusborgum
- 4 hús við Syðri Brú (Grímsnesi) (hundahald leyft í húsi nr.10)
- 1 íbúð í raðhúsi að Núpasiðu 8h, á Akureyri

Útleigutímabil er frá föstudeginum 24. maí til og með föstudagsins 23. ágúst 2024.

Félagsmenn fara inn á [www.orlof.is/vsfk](http://www.orlof.is/vsfk) og skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum, fylla skal út Sumar Umsókn 2023 þar með allt að 4 valmöguleikum.

Einnig er hægt að fara inn á [vsfk.is](http://vsfk.is) – Orlofsvefur (grænn takki)

Umsóknarfrestur er til kl. 16.00 föstudagsins 29. mars 2024.

Úthlutað verður samkvæmt punktakerfi.

Orlofsstjórn VSFK

## Yfirlýsing frá Ungmennafélagi Njarðvíkur

Að gefnu tilefni. Við hörmum en um leið afsöllum okkur ábyrgð á þeirri umfjöllun sem Ungmennafélag Njarðvíkur hefur fengið í fjölmiðlum undanfarna daga, vikur og mánuði.

Hingað til hefur þessum ásökunum ekki verið svarað á neinn hátt opinberlega en stjórn Ungmennafélags Njarðvíkur telur sig knúna til að svara viðtali sem birtist í Víkurfréttum 28. febrúar síðastliðinn.

Þar er formaður félagsins sakaður um tilraun til fjárdráttar og viðmælandi segist vera búinn að leggja fram kæru á hendur honum.

Kæra á hendur formanns Ungmennafélags Njarðvíkur kemur formlega á borð lögreglu fimmtudaginn 29. febrúar.

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum vísar kærurni frá föstudaginn 1. mars vegna þess að ekki þótti tilefni til að hefja lögregluannsókn á grundvelli kærunnar.

Aðalstjórn Ungmennafélags Njarðvíkur nýtur fulls stuðnings allra deilda sinna í þessum málum sem öðrum.

- Aðalstjórn Ungmennafélags Njarðvíkur
- Körfuknattleiksdeild UMFN
- Knattspyrnudeild UMFN
- Þríþrautardeild UMFN
- Lyftingadeild UMFN
- Sunddeild UMFN
- Rafíþróttardeild UMFN



**Glimir drengilega - jafnt innan vallar sem utan**  
- Guðmundur Stefán Gunnarsson er nýkjörinn formaður Glimusambands Íslands en hann hefur þurft að taka marga glimuna að undanförmu.

**Efri myndin er af bréfi frá lögreglustjórnunum á Suðurnesjum til formanns UMFN þar sem honum er tilkynnt að málinu hafi verið vísað frá. Neðri myndin er af viðtalinu sem um ræðir og birtist í 9. tbl. Víkurfréttu 2024.**



Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis



# VIÐ STYÐJUM KEFLAVÍK TIL SIGURS

Tryggðu þér miða á völinn!



BÍLASALA REYKJANESS



SPORTHÚSIÐ



## Þikarúrslit 2024

Öll miðasala á Leikino Fer Fram í gegnum [Stubb.is](http://Stubb.is) eða á Stubbur appinu.



19. MARS ÞRI. | UNÐANÚRSLIT KARLA  
20:00 KEFLAVÍK - STJARNAN



20. MARS MIÐ. | UNÐANÚRSLIT KVENNA  
17:15 KEFLAVÍK - NJARÐVÍK



## Hótel Keflavík hefur safnað 5,3 milljónum króna fyrir Grindvíkinga

Söfnun sem Hótel Keflavík hefur staðið fyrir síðustu vikur og er ætlað að styðja við samfélag Grindvíkinga gengur vel. Steinþór Jónsson, hóteltjóri, afhenti Kjartani Friðriki Adolfsyni, aðalbókara Grindavíkur, rétt tæpar 5,3 milljónir króna, eða nákvæmlega 5.294.694 kr. í síðustu viku.

„Við viljum sýna Grindvíkingum að við stöndum með þeim í þessum hremmingum og við ætlum að vera til staðar fyrir þau. Þessi erfiða staða er enn til staðar en við ákváðum að afhenda þá upphæð sem við höfum þegar safnað og reyna að koma henni til þeirra sem nefnd frá bæjarráði Grindavíkur telur nýtast best. Söfnunin heldur samt áfram og þessi afhending er því bæði áminning um að við flest getum gert betur og margt smátt gerir eitt stórt,“ sagði Steinþór.

Hótel Keflavík lagði fram fyrstu milljónina í söfnunina og hvatti önnur fyrirtæki og einstaklinga að taka þátt. Söfnunarfé rennur allt og óskert til Grindavíkur og er fyrir samfélagið sjálft og mun nýtast sem stuðningur fyrir íbúa, félagasamtök og fleira. Bæjarráð Grindavíkur mun á seinni stigum

skipa hóp sem sér um að úthluta þeim fjármunum sem safnast.

„Þessi söfnun er mjög þakkarvert framtak og mun án efa koma sér vel. Síðast í dag fékk ég símtal frá Vestmannaeyjum til fá söfnunarreikningsnúmerið til leggja þessu góða verkefni lið.

Þegar maður sjálfur lendir í svona hremmingum er gott að finna sterkan stuðning frá landsmönnum. Verkefnið eru mörg og ég sjálfur sé þessa fjármuni koma sér vel fyrir börnin okkar, íþrótt- og félagsstarf,“ sagði Kjartan.

Steinþór hóteltjóri segir að söfnunin muni halda ótraud áfram og Hótel Keflavík mun gefa öllum fyrirtækjum sérstaka viðurkenningu sem styrkja um 500.000 krónur eða meira.

Hér getur þú lagt til þitt framlag: [www.styrkja.is/okkargrindavik](http://www.styrkja.is/okkargrindavik) Söfnunarreikningurinn „OKKAR GRINDAVÍK“ er eftirfarandi; 0146-26-000001 Kt. 580169-1559

„Ótti og hræðsla byggist á því sem enginn veit og óvissu um framtíðina. Styrkur felst í að standa saman og styðja hvort annað,“ segir Steinþór að endingu. #okkargrindavik



## Afmælismarki hjá Reykjanesbæ í tilefni 30 ára afmælis

Reykjanesbær hefur látið hanna nýtt afmælismarki til að nota í kynningarefni og við fleiri tækifæri á 30 ára afmælisári bæjarfélagsins.

Jón Ágúst Pálmason, grafískur hönnuður, hannaði merkið sem er með tilvísun í ýmsa þætti sem tengjast Reykjanesbæ, eins og tónlistina, orkuvinnslu, íþróttir, menningu, flugið og fjölbreytt samfélag.

Í umsögn segir: „Reykjanesbær er kraftmikið fjölmenningsam-

félag sem er í stöðugum og örur vexti og alltaf á uppleið. Nágreinnið við alþjóðaflugvöllinn hefur haft mikil og mótandi áhrif á menningu uppbyggingu á svæðinu.

Þessi tillaga undirstrikar fjölbreytni og merkið er óður til þessa alls, myndlíking á Reykjanesbæ sem lokast með Keili og Reykjanesvita.

Litirnir undirstrika svo fjölbreytileikann og fjölmenningsamfélagið.“



## Drekadalur í Dalshverfi III

Til stendur að opna nýjan leikskóla í Dalshverfi III í Reykjanesbæ næsta haust. Leikskólinn hefur haft vinnuheimið Drekadalur sem hefur náð að festa sig í sessi og virðist vera almenn ánægja með nafnið að því er kemur fram í fundargerð Menntaráðs Reykjanesbæjar 8. mars síðastliðinn.

Þeir sem hafa komið að undirbúningi lóðarinnar sjá til að mynda fyrir sér dreka á lóðinni. Nýráðinn leikskólustjóri styður tillögu um nafnið Drekadalur og sér mörg tækifæri tengd því. Nafnið er til þess fallið að yta undir ímyndunarafl og sköpunargleði barna og hjálpa starfsfólki, börnum og foreldrum að skapa sannkallaðan ævintýraheim í hjarta Dalshverfis III.

Menntaráð leggur því til að nýr leikskóli í Dalshverfi III fái nafnið Drekadalur.



## Mundi

Hvar fá Grindvíkingar góða hlaupaskó?

## Hafa áhyggjur af mönnun leikskóla

Hvatt er til þess að stofnaður verði starfshópur á vegum Reykjanesbæjar til að skoða starfsaðstæður barna og starfsfólks í leikskólum sveitarfélagsins. Stjórnendur leikskólanna, sem sendu Menntaráði erindi, lýsa yfir áhyggjum af því að í ljósi fjölgunar leikskóla og stækunar annarra skóla sé hætt við að ekki verði hægt að fullmanna alla skóla bæjarins í haust.

Menntaráð leggur til að starfshópur verði myndaður í kjölfarið til að skoða starfsaðstæður barna og starfsfólks í leikskólum Reykjanesbæjar nánar til að mæta þeim áhyggjum sem leikskólustjórnendur lýsa yfir, koma með tillögur til úrbóta og kostnaðarmat þeirra.

Lagt er til að í hópnum verði helstu aðilar leikskólastarfsins í Reykjanesbæ sem og fulltrúi foreldra.

## Viltu vinna með okkur?



Störf í boði

Viðhald orkuvera

Skipuleggjandi viðhalds

Sölu- og þjónusturáðgjafi, sumarstarf

## Viltu sækja um?

Hægt er að sækja rafrænt um störf á vef HS Orku, [www.hsorka.is](http://www.hsorka.is)

HS Orka er framsækið og ört vaxandi fyrirtæki sem byggir á sjálfbærri orkunýtingu og nýsköpun með sérstakri áherslu á hringrás auðlindastrauma.

Gríptu tækifærið ef þú vilt öðlast dýrmæta reynslu í fjölbreyttum og skemmtilegum starfsmannahópi.

